

Fundargerð 152. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 4. febrúar 2015
Fundartími: 19:00 – 23.00
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Samþykkt að leiðrétta númeraröð í útsendri dagskrá og bæta við dagskrána, undir lið númer 14 „Drög að samþykktum fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs“ eftirtöldum skjölum: Erindisbréfi fyrir Skólaþjónustu velferðarnefndar, Starfslýsingu forstöðumanns skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs og Erindisbréfi stjórnar Skóla- og velferðarþjónsutu Árneshings bs.

Dagskrá:

1. Bréf til Flóahrepps frá skipulags- og byggingarfulltrúa dags. 30.01.2015.

Lagt fram bréf frá Pétri Inga Haraldssyni skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita dags. 30. janúar 2015, þar sem farið er yfir forsögu máls 1501015, er varðar stofnun nýrrar lóðar úr landi Langholts 1.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir móttöku erindisins og þakkar fyrir upplýsingarnar.

2. Erindi frá Hreggviði Hermannssyni – mótmælt afgreiðslu skipulagsnefndar.

Lagt fram erindi frá Hreggviði Hermannssyni ásamt fylgigögnum nr. 1 – 9 og ljósmyndum merktum ártölum, 1987, 1992, 1996, 2009 og 2012. Í erindinu er afgreiðslu Skipulagsnefndar Uppsveita 8282 frá 8. janúar 2015 og verklagi skipulagsfulltrúa mótmælt.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir móttöku erindisins og þakkar fyrir upplýsingarnar.

3. Fundargerð Skipulagsnefndar – nr. 82 dags. 08.01.

a) Langholt 1 Langholt 1a: Stofnun lóðar – 1501015.

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 3. desember 2014 var tekin fyrir beiðni um stofnun um 8 ha lóðar úr landi Langholts 1 (lnr. 166247) utanum íbúðarhús með fastanr. 220 0886. Sveitarstjórn samþykkti málið með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi jarða á hnitsetningu landamarka. Fyrir liggur að eigendur Hallanda sem liggur norðan við spilduna samþykkja hnitsetningu en komið hefur fram ábending um að vafi leiki á mörkum suðausturhluta spildunnar. Í ljósi þessa er lagður fram lagfærður uppdráttur þar sem austurmörk (hnit L4 og L5) hafa verið færð til vesturs til að koma til móts við ábendinguna. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi lóðablað með fyrirvara um að fram komi kvöð um aðkomu að spildunni auk þess sem að á uppdrætti komi fram upplýsingar um heiti og landnúmer aðliggjandi lands.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á málinu og felur skipulagsfulltrúa að kalla eftir fullnægjandi gögnum. Gerð er krafa um að ábendingum og athugasemdum sé skilað skriflega.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Stóru Reykir 166275 Umsókn um byggingarleyfi. Viðbygging við fjós – 1501014.

Lögð fram umsókn Gísla Haukssonar um 1.265 fm viðbyggingu við fjós á jörðinni Stóru – Reykir, lnr. 166275 í Flóahreppi.

Skiplagsnefnd gerir ekki athugasemd við málið og vísar málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Skipulagsnefnd fellur frá grenndarkynningu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á það að við upptöku á nýju málakerfi hafi fallið út heiti sveitarfélaganna við bókun hvers máls.

4. Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 83. dags. 29.01.2015.

a) Ragnheiðarstaðir 2: Deiliskipulag – 1501005.

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr.123/2010 tillaga að deiliskipulagi fyrir Ragnheiðarstaði 2 í Flóahreppi lnr. 222006. Svæði er í heild 193,7 ha og eru 77,7 ha norðan Villingaholtsvegjar og 116 ha sunnan vegjarins.

Afmarkaður er byggingarreitur fyrir íbúðarhús, vélageymslu og hesthús norðan vegjar og sunnan vegjar er afmarkaður byggingarreitur fyrir sex, allt að 1.500 fm landbúnaðarbyggingum. Tillagan var kynnt með auglýsingu sem birtist 8. janúar með fresti til athugasemda til 22. janúar. Engar athugasemdir hafa borist.

Skiplagsnefnd gerir ekki athugasemd við deiliskipulagið og mælir með að sveitarstjórn feli skipulagsfulltrúa að auglýsa hana skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita þarf umsagnar Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiðseftirlits Suðurlands, Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar fyrir sitt leyti með 5 atkvæðum. Þó er bent á að athugasemd barst við lýsinguna frá Skipulagsstofnun.

b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. desember til 2. janúar 2015.

Lagðar fram til kynningar.

5. Landsskiplagsstefna – umræður, umsögn.

Málinu frestað og vísað til vinnufundar 5. febrúar. Lagt er til að Steinsholti sf. verði falið að taka saman og að stilla upp athugasemdum fyrir sveitarstjórn Flóahrepps á grundvelli minnispunkta vinnufundarins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Skoðunarferð Skipulagsnefndar Uppsveita.

Skiplagsnefnd Uppsveita leggur til að farin verði kynnisferð til Skotlands og/eða Noregs með fulltrúa frá Skipulagsstofnun í lok mars eða byrjun apríl 2015 vegna þeirrar vinnu sem framundan er varðandi stefnumörkun sveitarfélaganna um staðsetningu vindmylla. Gert er ráð fyrir einum fulltrúa frá hverju sveitarfélaganna sem aðild eiga að skipulagsnefndinni, og að hvert sveitarfélag greiði þann kostnað sem fellur til vegna síns fulltrúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að greiða ferðakostnað fulltrúa Flóahrepps í umrædda ferð.

7. Plastpokalaus Flóahreppur – hugsanlegt samstarf við kvenfélögin í sveitarfélaginu, frestað á fundi 7. janúar.

Lagt fram erindi frá Sigurbáru Rúnarsdóttur og Margréti Jónsdóttur þar sem óskað er eftir að tekið verði til umræðu áður frestað erindi, áskorun atvinnu og umhverfisnefndar um Plastpokalausán Flóahrepp og samstarf við kvenfélögin um verkefnið.

Lagt er til að gengið verði til samstarfs við Kvenfélögin 3 í Flóahreppi um gerð margnota innkaupapoka einn fyrir hvert heimili í sveitarfélaginu. Innkaupapokinn verði hvatning til íbúa til þess að minnka plastpokanotkun og táknrænt verkefni sem minni á það hvenig innkaupastjóri hvers heimilis fyrir sig getur stýrt samsetningu heimilissorpsins með vali á neysluvörum í umhverfisvænum umbúðum.

Samþykkt með 5 atkvæðum. Sveitarstjóra falið að vera í samstarfi við formenn kvenfélaganna um framkvæmd verkefnisins.

8. Tillaga Rekstrarstjórnar félagsheimila um óbreytta gjaldskrá Félagshimilanna í Flóahreppi.

Lögð fram gjaldskrá félagsheimilanna í Flóahreppi sem samþykkt var af sveitarstjórn Flóahrepps 4. desember 2013. Rekstrarstjórnin leggur til að gjaldskráin verði látin standa óbreytt út árið 2015. Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá að því undanskildu að félagsheimilin verði til útleigu föstudaginn langa og páskadag. Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Ráðning leikskólastjóra í Krakkaborg – Ráðningarsamningur.

Lagður fram ráðningarsamningur við Sigríði Birnu Birgisdóttur um stöðu leikskólastjóra í Flóahreppi. Samningurinn gildir frá 1. maí næstkomandi með fyrirvara um breytingu ef Sigríður á möguleika á að hefja störf fyrr. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi samning með 5 atkvæðum.

10. Svar frá Eignarhaldsfélagi Suðurlands og ósk um staðfestingu á beiðni um afhendingu fundargagna EFS.

Í svari EFS kemur fram að um er að ræða 143 fundargerðir. EFS heyrir skv. álitu lögfræðings undir lögaðila í meirihluta eigu hins opinbera og fellur því undir upplýsingalögin. Hins vegar eru takmarkanir á upplýsingarétti almennings hvað varðar mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni. „Þannig er óheimilt að veita upplýsingar um atvinnu-, framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál eða viðkvæmar upplýsingar um rekstrar- eða samkeppnisstöðu svo og aðra mikilvæga viðskiptahagsmuni.“ Ákvæði 9. gr. upplýsingalaga gilda því um birtingu fundargerða EFS, nema að allar slíkar upplýsingar verði yfirstrikaðar eða afmáðar. Hvað varðar kostnað við afhendingu gagna má krefjast greiðslu fyrir kostnaði við að útbúa gögnin s.s. efniskostnaðar, vinnu starfsmanna og notkun á búnaði.

EFS óskar eftir staðfestingu Flóahrepps á því að fá afhentar fundargerðir gegn greiðslu kostnaðar sem nemur vinnu við að fara yfir fundargerðir, efniskostnað og afhendingu. Sveitarstjórn Flóahrepps fellur frá þeirri ósk sinni að fá fundargerðir Eignarhaldsfélags Suðurlands afhentar þar sem að það yrði kostnaðarsamt. Oddvita falið að svara fyrirspurn Jóns Elíasar Gunnlaugssonar. Samþykkt með 5 atkvæðum. Eydís Indriðadóttir vék af fundi undir þessum lið. Sigurbára Rúnarsdóttir tók sæti hennar sem fundarritari á meðan.

11. Fyrirspurn frá Ferðapjónustunni í Vatnsholti vegna Þjósárvers.

Fyrir liggur beiðni frá Margréti Ormsdóttur f.h. ferðapjónustunnar í Vatnsholti um áframhaldandi leigu á tjaldstæðinu í Þjósárveri og félagsheimili.

Lagður fram samningur frá síðasta ári og gerðar á honum nokkrar breytingar. Óvíst er að félagsheimilið Þjósárver geti verið inni í samningum nema að hluta vegna viðgerða. Sveitarstjóra falið að ræða við fyrirspyrjendur um grundvöll til samninga miðað við breyttar forsendur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Gamla Þingborg – staða mála.

Lagðar hafa verið fram hugmyndir um að Þingborgarhópurinn geri tilboð í leigu á tilteknum fjölda fermetra í húsinu til afnota fyrir starfsemi sína. Haft hefur verið til hliðsjónar leiguverð á sambærilegu húsnæði í nágrennasveitarfélögum. Málið er enn í skoðun. Margrét Jónsdóttir vék af fundi við umræðu um þennan lið.

13. Aukin þjónusta í almenningsamgöngum í Flóahreppi – staða mála kynnt.

Skoðanakönnunn þar sem afstaða foreldra grunnskólabarna til nýtingar á síðdegisferðum á Selfoss hefur verið send út og von er á niðurstöðum fyrir lok þessarar viku.

Sveitarstjóri sendi beiðni á formann SASS um mögulegt samstarf við Strætó bs um aukna þjónustu og var málinu vísað til framkvæmdastjóra SASS. Nýráðinn framkvæmdastjóri hefur óskað eftir því að málið verði skoðað af strætó bs. Hann hefur einnig óskað eftir fundi með sveitarstjórn vegna málsins.

14. Drög að samþykktum fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.

Lagðar fram samþykktir fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. ásamt fylgiskjölum varðandi starfsemi byggðasamlagsins

Samþykktir fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Erindisbréf fyrir Skólalþjónustu velferðarnefndar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Starfslýsing forstöðumanns skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Erindisbréf stjórnar Skóla- og velferðarþjónsutu Árneshings bs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Sorphirða í Flóahreppi staða mála og framtíðaráætlanir.

Lögð fram skýrsla um fyrirkomulag sorphirðu í Flóahreppi 2014 og minnispunktar fundar með ÍGF 3. feb. 2015.

Sveitartjórn leggur áherslu á að íbúaheimsóknum sem ekki tókst að ljúka s.l. sumar verði lokið sem fyrst. Unnið er að gerð bæklinga til þess að senda á hvert heimili. Þar verður farið yfir flokkun sorpsins og kynntir möguleikar á breyttri tilhögun vegna hirðingar á rúllubaggaplasi. Bent er á að tryggja þarf að félagsheimilin og skólarnir þurfa að hafa fullnægjandi sorpflokkunarílát. Sveitarstjóra og umsjónarmanni fasteigna falið að fara yfir stöðuna .

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Erindi frá Ómari Smára Kristinssyni, vegna bókaútgáfu - styrkbeiðni.

Sveitarstjórn sér ekki færi á að verða við beiðninni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

17. Erindi frá Stemmudeild Kirkjukórs Hraungerðis- og Villingaholtskirkju – styrkbeiðni.

Sveitarstjórn sér ekki færi á að verða við beiðninni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

18. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 151, dags. 07.01.2015.

Lögð fram til kynningar.

b) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi nr. 4, dags. 09.12.2014.

Lögð fram til kynningar.

Í lið 2 þar sem til umfjöllunar er gjaldskrá eru talin upp 16 félög sem starfrækt eru innan Flóahrepps. Sveitarstjórn samþykkir að þau geti fengið lítinn sal til umráða einu sinni á ári til fundarhalda gegn greiðslu kr 6.000.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 81, dags. 20.01.2015.

Lögð fram til kynningar.

d) Skólalþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings nr. 8, dags. 13.01.2015 ásamt starfsáætlunum skóla- og velferðarþjónustu.

Lögð fram til kynningar.

e) Almannaþingarnefndar Árneshings nr. 21, dags. 19.12.2014.

Lögð fram til kynningar.

f) Fagræðs Tónlistarskóla Árneshinga nr. 170, dags. 05.01.2015 ásamt uppfærðri kostnaðaráætlun fyrir árið 2015.

Lögð fram til kynningar.

Viðauki 1 við fjárhagsáæltun Flóahrepps árið 2015- 2018

„Sveitarstjórn samþykkir að auka framlag Flóahrepps til Tónlistarskóla Árnesinga árið 2015, um 1.750 þús. kr. vegna nýgerðra kjarasamninga. Framlagið er gjaldfært í rekstri á málaflökkinn fræðslumál og er viðbótinni mætt með lækkun á áætluðu handbæru fé ársins 2015.“

Viðauki 1 Samþykktur með 5 atkvæðum.

- g) **Fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga nr. 171, dags. 26.01.2015.**
- h) Lögð fram til kynningar.
- i) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 237, dags. 26.01.2015.**
- j) Lögð fram til kynningar.
- k) **NOS nr. 5, dags. 29.01.2015.**
- l) Lögð fram til kynningar.

19. Efni til kynningar:

- a) **Viðhorfskönnun um málefni aldraðra, bókun sveitarstjórnar SKOGN**
- b) **Námsmatsstofnun vegna umsóknar um úttekt á leikskóla.**
- c) **Mannvirkjastofnun – staðfesting á umsókn um úttekt á gæðastjórnunarkerfi skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita.**
- d) **Menning í ferðaþjónustu - upplýsingar um þjónustu R3 ráðgjafar.**
- e) **Frá Mennta og menningarmálaráðuneyti – niðurstöður æskulýðsrannsóknna. Ungt fólk 2014, Grunnskólar.**

Lagt er til að niðurstöður rannsóknanna verði sendar á æskulýðs- og tómstundanefnd og fræðslunefnd.

Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir